

## **Bjarni Snæbjörnsson leikari, athafnastjóri og leiklistarkennari**

Lagahöfundur: Axel Ingi Árnason

Textahöfundar: Axel Ingi Árnason, Bjarni Snæbjörnsson, Gréta Kristín Ómarsdóttir

Góðan dag virðulega samkoma.

Til hamingju með lýðræðið kæra alþingi og öll hin íslenska þjóð.

Til hamingju kæru kjörnu fulltrúar. Það er minn heiður að fá að ávarpa ykkur á þessum merkilega degi þar sem 152.

löggjafarþing Íslendinga er sett. Á þessu þingi munuð þið sitja og vinna ötullega eftir ykkar bestu sannfæringu, íslenskri þjóð til heilla.

Þetta er nú ekkert lítið. Að við skulum búa því þessu magnaða velmegunarríki þar sem lýðræðið er ófrávíkjanlegur veruleiki okkar. Stöldrúm aðeins við þessa staðreynd... Við kjósum fólk úr okkar röðum sem okkur líst best á að geta stjórnað öllum okkar mikilvægu málum og kerfum.

Og við, þjóðin, treystum ykkur best til þess að standa vörð um okkur öll. Við treystum ykkur best til að passa upp á réttindi

okkar, að setja ný lög okkur til heilla, að passa upp á sameiginlegt bókhald okkar allra, ríkisfjármálin, að passa upp á hina veiku með sameiginlegu heilbrigðis- og tryggingakerfi, að passa upp á landbúnaðinn, sjávarútveginn, okkar einstöku náttúru og auðlindir, menntakerfið, vegakerfið, að íslenskar listir og menning megi áfram blómstra, að vera í góðum og gefandi samskiptum við önnur lönd, að þið passið upp á friðsældina, að passa upp á fjölskyldur landsins, húsnæðismálin og atvinnumálin. Í stuttu máli treystum við ykkur best til að passa að hér séum við örugg, að okkur líði sem best og að við búum við mannréttindi.

Já, þetta allt, og miklu meira til, liggur á ykkar herðum og við treystum ykkur til þess að gera það allt á sem sanngjarnastan hátt. Að þið passið upp á alla flóru landsmanna og að ekkert af okkur upplifi að það sé skilið eftir útundan eða beitt misrétti. Þetta er ærið verkefni og ábyrgð ykkar er augljóslega mikil. Og þið munið örugglega takast á og pottþétt vera ósammála og það verður örugglega svakalega pirrandi stundum. En í því liggur líka fegurð - því þið eruð mörg og komið frá öllu landinu með ólíkan bakgrunn og lífsreynslur og það er svo mikil fegurð og styrkur í fjölbreytileikanum ykkar. Og í þessu samhengi minni á ég á orð Martin Luther Kings Jr:

*“Við verðum að læra að búa saman eins og systkini.. eða glatast sem flón”.*

Þegar ég fékk þann heiður að ávarpa ykkur hér í dag af þessu merka tilefni þá greip mig mikill kvíði varðandi efnistöð. Hvað á ég eiginlega að segja? Hvernig get ég blásið þeim í brjóst enn meiri réttisýni og manngildi en þau búa nú þegar yfir? Ég reyndi að hugsa um allt það sem ég vildi segja og tala um og taka á og nefna - mannréttindi, útlendingamál, hinsegin mál, metoo, hatursáróður, spilling, fjölbreytileiki, fordómar, loftslagsmálin og bara almennt öll þessi mál sem eru mér kær.

Það er máltæki sem ungir og efnilegir höfundar heyra oft þegar þau ætla að ráðast í ný handrit: “skrifaðu um það sem þú þekkir”. Og þess vegna er best að ég tali bara um þá hluti sem ég þekki best af eigin raun. Sem er að vera leikari, kennari og hinsegin.

En þarf eitthvað að tala um hinsegin málefni á Íslandi? Við erum komin svo langt! Ég meina umhverfisráðherra í síðustu ríkisstjórn er hommi. Að vera trans er ekki lengur skilgreint sem geðsjúkdómur. Gleðigangan á hinsegin dögum eru fjölsóttasti viðburður Íslands. Og núna á föstudaginn síðasta skartaði Harpa alþjóðlega trans fánanum í tilefni af minningardegi trans einstaklinga..

Og ég tala nú ekki um þegar við berum okkur saman við önnur ríki. Á þessu ári hafa t.d. morð á kynsegin fólki aldrei verið fleiri í Bandaríkjunum frá 2013 (en þá var fyrst byrjað að halda utan um slíkar tölur). Í Bretlandi á sér stað mikil pólarisering þegar kemur að réttindum transfólks og hatursáróðurinn sem vellur þar upp á yfirborðið er ótrúlegur. Í Póllandi, Rússlandi og Ungverjalandi hefur orðið mikið bakslag í hinsegin réttindum síðustu árin þar sem öfgahægriflokkar hafa náð nokkurri fótfestu.

Í stuttu máli er mikil afturför er að eiga sér stað víða um heim þar sem hatursglæpum fer fjölgandi og fasísk öfl sem eru á móti fjölbreytileikanum ná völdum. Fólk sem rígheldur í aldagamlar hefðir og rótgrónar hugmyndir um kynjatvíhyggju. Hinsegin fólk er látið líta út fyrir að vera ekki mennskt. Að vera ekki manneskjur með tilfinningar, vonir og þrár. Og við þekkjum of mörg dæmi úr sögunni til að vita hvert það getur leitt að fólk er gert ómennskt: Þegar búið er að grafa undan mennskunni með hatursfullri orðræðu, þá er næsta skref líkamlegt ofbeldi.

En hvað er ég nú að væla um þetta allt saman? Þetta er ekki hluti af mínum veruleika sem hommi á Íslandi! Ég er sannarlega 43 ára forréttindapési sem hef öll lagaleg réttindi á við gagnkynhneigðan bróður minn. Ég má gifta mig, eins og bróðir

minn. og ég má skilja eins og hann, Ég má ættleiða barn... ef ég vil. Ég gat keypt mér íbúð ásamt kærastanum mínum og ég við gátum samskattað okkur. Í stórfjölskyldunni minni er ég samþykktur nákvæmlega eins og ég er og í vinnunni minni sem leikari í Þjóðleikhúsinu er mér og mínum hinseginleika fagnað. Í raun er mér svo mikið fagnað að ég fékk þann heiður að búa til söngleik upp úr sögu minni og setja hann á svið í Þjóðleikhúskjallaranum ásamt öðru hinsegin listafólki. Þar voru með mér Axel Ingi Árnason tónskáld tónskáld og Gréta Kristín Ómarsdóttir leikstjóri.

Upprunaleg hugmynd með þessum einleik sem ber nafnið “Góðan daginn faggi” var að búa til tussugott show þar sem ég sting á kýlum og er rosa fyndinn og syng nýja, fyndna söngleikjatonlist eftir Axel Inga... Ég hef alltaf skrifað dagbækur um mig og lífið mitt og þær áttu að vera okkar helsta heimild til að skoða fyndinn unglíng og fjalla um hvað það er stundum fáránlegt, flókið og fyndið að vera manneskja. Og við ætluðum bara að hafa soldið gaman!

Þannig að eðlilega kom það mér töluvert á óvart þegar ég fékk taugaáfall í miðju sköpunarferlinu.

Því við að lesa allar dagbækurnar og bréf sem ég hafði skrifað til ættingja og vina, þá blasti við mér ungur maður sem var mjög týndur og leitandi. Inní honum bjó stórt svöðusár sem ég hafði einfaldlega afneitað og gleymt.

*Lag hefst: Næs*

*8. nóvember 99. Sæl Offía mín. Mér líður ekkert sérstaklega vel. Skil ekkert í mér.”*

*8. september 2002. Halló elsku dúllu dagbókin mín! Það er svo sem ekkert marktækt að gerast. Nema þá að ég er kominn út úr skápnum allsstaðar.*

*Það er svo óþolandi hvað þetta er eitthvað erfitt, þó svo að það eigi ekki að vera það.*

*10 desember 2000. Mikið væri það nú næs, ef mér liði ekki svona illa.*

**Mikið væri það nú næs, ef fengi ég að vera  
Bara sá sem ég er, og ekkert þyrft'að fela  
En daginn út og inn, í dagbókina skrifa  
það væri næs, að vita hvernig ég á að lifa**

**Mikið væri það nú næs, ef líf mitt væri einfalt  
Mér liði rosa vel, allt væri bara normalt  
og ég vissi upp á hár, hvaða mann ég hef að geyma  
það væri næs, að finna hvar ég á heima**

**Hví er ég svo smár?**

**Hvað er þetta sár?**

**Ennþá hér eftir öll þessi ár?  
Mig langar svo sjálfan mig að skilja  
og vita hvað, ég myndi vilja  
Það væri næs, ef einhver vildi heyra  
Mikið væri það næs ef ég  
loks mætti fá að  
tilheyra**

**Mikið væri það nú næs ef mér liði ekki svona  
að ég væri bara hér, þyrft'ekki að bíða og vona  
Og innri raddirnar, myndu láta mig vera  
það væri næs, að skilja hvað ég á að gera**

**Hví er ég svo smár?  
Hvað er þetta sár?  
Ennþá hér eftir öll þessi ár.**

**Mig langar svo sjálfan mig að skilja  
og vita hvað, ég myndi vilja  
Það væri næs, ef einhver vildi heyra  
Mikið væri það næs ef ég  
loks mætti fá að  
tilheyra**

Ekki það að eitthvað hafi komið fyrir mig. Síður en svo, ég er alinn upp í fallegum firði á Vestfjörðum sem heitir Tálknafjörður og fékk kærleiksríkt og dýnamískt uppeldi. Æskan mín var full af vinum, íþróttum, leik og ævintýrum í náttúrunni og fjallasal. Skemmtileg ferðalög með fjölskyldunni til útlanda. Sundmót út um allt land á vegum UMFÍ og svo fór ég í söng- og leiklistarnám hér í borginni og hef unnið við að skapa list í 15 ár núna og það gengur bara rosalega vel. Ég meina ég er búinn að vera leikari við Þjóðleikhúsið í næstum fjögur ár!

Á yfirborðinu lítur sagan svona út, en raunverulega sagan mín fjallar frekar um hvernig samfélagið innrætti hjá mér, frekar venjulegum íþróttastrák úr fiskiþorpi á Vestfjörðum, mikla skömm sjálfshatur af því að ég er hommi. Skömm, hatur og fordómar sem nánast buguðu mig og brutu að það hefur enn mikil áhrif á mig í dag, þó ég sé búinn að vera út úr skápnum í um 25 ár.

Eftir mikla rannsóknarvinnu og óteljandi tíma hjá sálfræðingum, þerapistum og með alls konar sjálfshelandi aðferðum uppgötvaði ég að stærsta tráma lífs míns var einfaldlega það að mér fannst ég aldrei tilheyrja samfélaginu mínu, fjölskyldu minni eða landinu mínu. Það var enginn eins og ég þegar ég var að alast upp, ég var skritinn kynvillingur og mér leið eins og ég væri “villa”. Og ég tengdi ekkert við einu fyrirmyndirnar sem

mér voru boðnar upp á í sjónvarpi og listum. Þar voru bara gagnkynhneigð pör og það eina sem maður heyrði eða las um homma og lesbíur var perraskapur, útskúfun, togstreita, sjúkdómar, eyðni og erfiðleikar. Eða, að að þeim væri gert óviðeigandi grín og á milli alls þessa ríkti bara alger þögn. Ég var niðurlægður með orðum eins og stelpustrákur og hommi og ég margoft minntur á að það sem ég var, væri í raun skammarlegt.

Og ég lærði að öll mín sár í dag eru afleiðing af þessu linnulausa öróreiti sem ég hafði upplifað nánast alla mína æsku og unglingsár.

Það er best hægt að líkja upplifun af öróreiti við mýflugubit. Eitt bit er ekkert vont, kannski bara örlítið óþægilegt í einn eða tvo daga. En þegar öll bitin safnast saman þá verður þetta að heljarstóru sári. Þúsundir mýflugnabita í einu. Og þetta er sár sem situr eftir í taugakerfinu okkar og það er mjög erfitt, tímafrekt og dýrt að heila það. Og börn og ungmenni eru sérstaklega móttækileg á viðkvæmum mótunarárum fyrir þessu.

En mér er að takast að heila það. Enda í mikilli forréttindastöðu að hafa aðgang að fjármagni og úrræðum og eiga magnaða stuðningsríka fjölskyldu, skilningsríkan kærasta og einstaka vini sem eru alltaf til staðar.

Og forréttindi mín enda ekki þar, heldur fæ ég líka tíma á sviði í Þjóðleikhúsi okkar Íslendinga til að búa til leikverk úr þessari reynslu minni sem hinsegin einstaklingur. Og það hefur verið rosalega gefandi. Ekki síst hefur það verið gefandi að taka á móti mörgum skólahópum af hinsegin unglingum sem þrá að spegla hinseginleikann sinn í listinni: Að sjá “sig” á sviði. Og einnig hefur það verið gefandi að finna hvernig öll hin sem ekki eru hinsegin skilja hinseginleikann á nýjan hátt.

Á sama tíma hefur þetta verið eitt það erfiðasta sem ég hef gert. Að hitta þennan stóra hóp af hinsegin ungmennum, hvort sem þau eru samkynhneigð, tvíkynhneigð, kynsegin, trans, intersex eða hvað sem er. Að hitta þau og horfa framan í þau með umræðum eftir sýningu. Þau eru vongóð, opin, þakklát og upp með sér að fá speglun þar sem þau hlæja að sjálfum sér. En það sem er erfiðast er að uppgötva að þau þekkja enn þessa sömu togstreitu og ég gerði: Að berjast móti straumnum í miðju fljóti eitraðrar karlmennsku og allra þeirra óskráðu reglna sem fylgir þessari óræða og útópíska normi og kynjatvíhyggju.

Og trúið mér þegar ég segi ykkur það kæru þingmenn, þau eru líka buguð og þjökuð. Þau verða ennþá fyrir áreiti eða jafnvel ofbeldi. Þau eru í örvæntingu sinni að leita að leiðum til að sefa sársaukann sinn. Það er þyngra en tárur taki að enn í dag,

árið 2021, rétt um 30 árum eftir að ég byrja mín unglingsár í skugga þöggunnar, fordóma og niðurlægingar, þá eru íslensk hinsegin ungmenni að taka lífið sitt vegna þess að þau geta ekki meir. Við erum ekki komin lengra.

Veturinn 2016-2017 var gerð könnun á líðan hinsegin ungmenna frá 13 ára og upp í framhaldsskóla. Könnunin var Byggð á GLSEN's 2015 National School Climate Survey könnuninni og var þýdd og staðfærð af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum '78.

<https://samtokin78.is/skolakonnun/>

Í könnuninni voru nemendur spurðir út í reynslu sína af skólagöngunni þann vetur. Þar með talið reynslu af því að heyra fordæmandi athugasemdir, áreiti, finna til óryggis og líða vel í skólanum.

- Þriðjungur nemenda greindi frá því að finna til óryggis í skólanum þann vetur vegna kynhneigðar sinnar (um 33%).
- Fimmtungur fann til óryggis vegna kyntjáningar sinnar.
- Næstum þriðjungur hinsegin nemenda (32,2%) höfðu verið áreitt munnlega vegna kynhneigðar sinnar
- Fjórðungur nemenda (25,9%) höfðu verið áreitt munnlega vegna kyntjáningar sinnar.
- Þá höfðu 12,6% verið áreitt líkamlega (t.d. hrint) vegna kynhneigðar sinnar.

- Og 6,2 % höfðu verið líkamlega áreitt vegna kyngervis síns og 5,3% vegna kyntjáningar sinnar.
- 4,6% höfðu orðið fyrir líkamsárásam í skólanum vegna kynhneigðar sinnar.

Og þessi stanslaus jaðarsetning á ekki bara við okkur hinsegin fólkið. Það eru ótalmargir hópar sem búa hér sem upplifa mikið öraréiti í formi fordóma, aðkasts og andlegs og líkamlegs ofbeldis. T.d. tóku níu frjáls félagasamtök sig saman í fyrra og gerðu skýrslu um stöðu barna á Íslandi og hvað þyrfti að gera í málum þeirra. Þar kemur fram að ungt fólk hefur stigið fram og lýsir fordómum og aðkasti sem það mætir í samfélaginu á grundvelli uppruna eða útlits. Þar kemur einnig fram að árið 2016 bjuggu 14% íslenskra barna við fátækt. Svo má ekki gleyma þolendum eineltis, kynferðisofbeldis og fötluðum börnum sem sitja á jaðrinum og upplifa áreiti sem sest á taugakerfið sem erfitt verður að takast á við á fullorðinsárum. Og í skýrslunni segir orðrétt “Sýnt hefur verið fram á tengsl fátæktar við alls kyns ofbeldi, útilokun og vanrækslu. Börn öryrkja, einstæðra foreldra með og án forsjár og innflytjenda eru líklegri til að búa við fátækt.”

<https://www.barnaheill.is/static/files/vidbotarskyrsla-til-barnarettarnefndar-islenska.pdf>

Þegar við söfnum öllum þessum hópum saman þá er þessi hópur barna og ungmenna orðinn svo stór að ekki verður hjá

því litið. Þau eru öll að upplifa stanslaust áreiti. Eitt bit í einu sem safnast saman í svo stórt sár að erfitt verður að eiga við það á endanum. Allt þetta leggst á miðtaugakerfið og hefur viðvarandi neikvæð áhrif upp í fullorðinsár.

Fyrir nokkrum árum var ég leiklistarkennari við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Og skólameistarinn þar bað mig fyrir verkefni fyrir skólann: að leggja drög að opinberri stefnu skólans í hinsegin málefnum. Þannig yrði skólinn fyrsti framhaldsskólinn á landinu til að vera með slíka stefnu. Ég lagðist glaður í þessa gefandi vinnu og leitaði til Samtakanna 78 eftir aðstoð og studdist einnig við rannsóknir og sambærilegar stefnur skóla erlendis.

Rannsóknir frá Bandaríkjunum vöktu þar sérstakan áhuga minn varðandi hinsegin stefnur í skólakerfinu. Þar kom skýrt fram að það var mikill munur á líðan hinsegin ungmenna í skólum eftir því hvort skólinn var með hinsegin stefnu eða ekki. Einfaldlega var þetta þannig að í þeim skólum þar sem hinsegin stefna var til staðar, leið hinsegin nemendum betur.

Þetta er svona einfalt. Að hafa hinsegin stefnu í skólanum minnti nemendur á að þetta væri skóli manngildis og fjölbreytileika. Skólastjórnendum tókst með afgerandi afstöðu með hinsegin fólki að láta þeim líða eins og þau væru öruggari.

Þar sem ég bjó sjálfur ekki við slíkt öryggi þurfti ég að takast á við laskað miðtaugakerfið mitt kominn á miðjan aldur. Og það er bara að takast ágætlega þó það hafi verið og er stundum enn, mikið átak. En ímyndum okkur bara í augnablik að jaðarsetning mín hafi ekki átt sér stað á neinn hátt. Að kynhneigð mín hafi, frá fyrsta degi aldrei skipt neinn neinu máli. Að ég hafi upplifað samhyggð og stuðning, að í kringum mig hafi ríkt opið og hvetjandi samfélag með fyrirmyndum og fjölbreytileika þar sem enginn væri í raun normal heldur öll væru öðruvísi. Að hið útópíska norm væri ekki til. Að það væri ekki skammarlegt að vera kvenlegur karlmaður eða karmannleg kona eða eitthvað annað.

Og ímyndum okkur líka í augnablik að ekkert barn upplifi sig minnimáttar eða utan svigans. Að það upplifi sig tilheyra samfélaginu sínu og það sé verndað. Að með því sé tekin skýr afstaða í öllum málum. Að barnið finni frá öllum að það sé séð og því sé fagnað.

Og ég tala um börnin af því sjálfbærasta leiðin okkar að betra, opnara og sterkara samfélagi er að gefa öllum börnum strax frá fæðingu valdeflandi jarðveg sem styrkir þau og hvetur. Að þau finni að þau skipti máli, að þau hafi rödd og að þau séu séð. Þetta er langtímaverkefni sem þarf að vinna að heilindum og hlúa að öllum. Að mínu mati þarf að setja geðheilbrigði á oddinn, ekki bara fyrir börn heldur allt fólk því við erum mörg

fullorðin í þörf fyrir hjálp. Að innleiða leiðir til að auka hæfni okkar allra í að sitja með tilfinningum okkar. Að auka meðvitund allra um t.d. með hjálp hugleiðslu. Að efla gagnrýna hugsun og skapandi leiðir í námi og starfi. Og hlúa fyrst og fremst að börnunum í samstarfi við félagasamtök og stofnanir.

Gott dæmi um þetta er t.d. Hinsegin félagsmiðstöðin sem var stofnuð árið 2016 sem samstarf milli Samtakanna 78 og Tjarnarinnar - frístundamiðstöðvar. Að meðaltali mættu 108 ungmenni á hvert einasta opna hús árið 2020. Og það er skömm að því að enn fæst ekki fjármagn til að reka félagsmiðstöðina sem sérstaka einingu. Hún er borin uppi af sjálfbærliðum og er þannig eina félagsmiðstöðin á landinu sem er rekin þannig. Og félagsmiðstöðin sér bara fram á eitt ár í einu vegna tímabundinna styrkja frá Reykjavíkurborg. Það er okkar þjóðfélagi til mikils vansa að þetta sé utanumhaldið sem hinsegin ungmenni fá. Af því að ég veit úr innsta hring þar innanhúss að þessi mikilvægi félagsskapur og stuðningur sem þar myndast er að bjarga lífum ungmenna.

Mannauðurinn er alltaf mikilvægasti hluti af Íslensku þjóðinni. Við sem búum hér höfum öll mikið af gefa til landsins okkar. Til þess að okkur öllum líði sem best hér á landi þá þurfum við að gera betur. Og við treystum ykkur til að passa upp á okkur öll.

Íslenska þjóðin er aldrei betur stödd en sá íslenski einstaklingur sem hefur það verst.

Við þurfum saman að finna leiðir til að efla með börnunum okkar samkennd og náungakærleik. Að þau læri að eiga raunveruleg samtöl til að sporna við pólarísingu og vanþekkingu.

En besta leiðin er einfaldlega að hlusta. Hlusta á sögurnar. Hlusta á reynsluheim fólks sem er ykkur kannski víðsfjarri - hvort sem það er lífsreynsla hinsegin fólks af því að búa á Íslandi. Eða reynsla íslendinga sem eru af erlendu bergi brotin, fatlaðir, öryrkjar eða fátækir. Að leyfa sér að finna til samkenndar með öllu fólki. Því ef við tilheyrum ekki neinum af þessum hópum þá er þetta kannski bara óþægilegt að heyra svona sáran sannleika. Og það kallast forréttindi að lifa þannig að þurfa aldrei að þæla í því. En fyrir mörg okkar er þetta spurning um líf eða dauða.

Og ef við setjum aðeins til hliðar andlegu togstreituna og hversu óbærilegt það er að vera með laskað taugakerfi og skoðum kostnaðinn fyrir samfélagið. Það væri fróðlegt að vita hversu marga sjúkdóma og hindranir á lífsleiðinni má rekja beint til áfalla og öraráreitis. Eitt af því sem henti mig meðan ég var á mínum versta stað í ómeðvitund um eigin vanlíðan og tráma var að ég vann yfir mig. Ég varð vinnualki og endaði að lokum í

kulnun og síþreytu. Hversu mikill sparnaður væri af því að passa upp á flóru þjóðarinnar strax frá byrjun með marktækum aðgerðum. Því það búa ekki öll við sömu forréttindi og ég, að geta unnið sig út úr erfiðleikunum með dýrum sálfræðingum, heilurum og þerapistum.

Og skýr stefna fyrir alla þessa hópa þarf að koma að ofan. Úr efsta þrepi valdastigans í okkar ágæta lýðræði. Alveg eins og þegar skólastjórnendur tóku skýra afstöðu með hinsegin fólki - þá leið þeim betur.

Þið hafið núna valdið til að halda áfram að búa til fallegan grunn samfélags sem byggir á þessu öllu. Þið þurfið að taka skýra afstöðu með okkur jaðarhópunum og láta framkvæmd fylgja fyrirheitunum. Þannig upplifum við hin að við fáum að tilheyra þjóðinni okkar. Þannig upplifum við að við séum séð og munum þ.a.l. láta til okkar taka til að byggja upp enn betri þjóð. Og þetta er í raun sjálfbærni í sinni tærustu mynd- að skilja við jörðina í aðeins betra ástandi en þegar við tókum við henni.

Og við getum gert það saman. Það eru mýmörg félagasamtök og stofnanir tilbúin að hjálpa til og berjast fyrir sínum skjólstæðingum. Og saman getum við fundið leiðir til að mætast með okkar ólíku skoðanir, bakgrunn, lífsreynslu og kjarnagildi

og haldið áfram að byggja hér valdeflandi og kærleiksríkt samfélag fyrir öll þar sem fjölbreytileikinn verður norm.

Ghandi:

*Hæfni okkar til að ná samstöðu í fjölbreytileikanum verður bæði mesta prófraun mannkyns sem og okkar mesta fegurð.*

Við viljum ljúka þessari stund á titillagi söngleiksins okkar sem nefnist einfaldlega “Góðan daginn faggi”. Nafnið á verkinu og laginu hefur staðið í mörgum, enda er þetta mikið níðingsorð sem notað er í dag til að niðurlægja homma og unga fólkið notar ekki síst. Þetta er tilraun okkar til að afvopna orðið. Að taka úr því vægið og þyngdina. Og líka til að eiga um það samtal, því með góðu og uppbyggilegu samtali eru okkur allir vegir færir og það er besti grunnurinn til að byggja á. Takk kærlega fyrir okkur.

## **GÓÐAN DAGINN FAGGI**

**Að morgni dags, í spegilinn lítur  
Hann sýnir sjálfið, nú og hér,  
Þú starir fast, augnaráðið brýtur  
Reyndu að sjá það sem vinur þinn sér.**

**Hættu að vera svona vondur við þig,**

**Vertu með sjálfum þér í liði.**

**Horfðu í spegilinn, þú getur loksins sagt:**

**Góðan daginn faggi!**

**Góðan dag!**

**Dagurinn í dag er betri en dagurinn í gær.**

**Góðan daginn faggi!**

**Góðan dag!**

**Ef dagurinn í dag er ekki betri en í gær**

**Þá reynum við aftur á morgun**

**Í dagsins önn, í baksýnispegli  
sérð mann sem efast, endalaust  
þú bara ert, það er ekkert að þér  
reyndu að finna trú og traust**

**Hugsanir sem sífelld herja á mig,**

**leyfi þeim að ver'í friði.**

**Horfðu á sjálfan þig, þú getur ég loksins sagt:**

**Góðan daginn faggi!**

**Góðan dag!**

**Dagurinn í dag er betri en dagurinn í gær.**

**Góðan daginn faggi!**

**Góðan dag!**

**Ef dagurinn í dag er ekki betri en í gær**

**Þá reynum við aftur á morgun**

þá reynum við og reynum... aftur á morgun.